



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI KÝPUR SMÁÞJÓÐALEIKAR OG ORKUMÁL

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í dag, fimmtudaginn 4. júní, fund með Dimitris Christofias forseta Kýpur. Á fundinum var rætt um samvinnu smárra þjóða í Evrópu, árangur Kýpur og Íslands við nýtingu hreinnar orku og hugsanlega lausn á langvarandi deilum um skiptingu eyjarinnar en forseti Kýpur lýsti ítarlega tilraunum sínum til að ná samkomulagi við forystusveit tyrkneska minnihlutans sem skapað gæti grundvöll að nýju stjórnskipulagi á Kýpur og tryggt friðsamlega sambúð allra eyjarbúa. Þá fjallaði forsetinn einnig um reynslu Kýpur og annarra smárra þjóða af aðild að Evrópusambandinu. Forseti Íslands sat einnig hádegisverðarboð forseta Kýpur ásamt þjóðhöfðingjum annarra ríkja sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum.

Forseti Kýpur lýsti áhuga á aukinni samvinnu við Íslendinga, einkum í þróun hreinnar orku. Kýpur hefur náð miklum árangri á þessu sviði og forseti Íslands afhenti landinu alþjóðleg orkuverðlaun fyrir fáeinum árum. Verðlaunin hlaut landið fyrir að hafa aukið hlutfall hreinnar orku í orkubúskap sínum umfram aðrar þjóðir.

Forseti Íslands átti einnig viðræður við forystumenn í orkumálum eyjarinnar, m.a. um aðgerðir til að hvetja heimili og fyrirtæki til orkusparnaðar og hvernig smærri ríki einsog Ísland og Kýpur geta orðið þróunarvettvangur fyrir rafknúna bíla og umhverfisvæna umferð. Lýsti forseti Íslands aðgerðum Orkuveitu Reykjavíkur á þessu sviði og samvinnu íslenskra stjórnvalda við japanska bílaframleiðandann Mitsubishi.

Forseti Íslands hefur heimsótt íslenska íþróttafólkið á Smáþjóðaleikunum á Kýpur og fylgdist með keppni þeirra m.a. í sundi, fimleikum, körfuknattleik, blaki, tennis, júdó, skotfimi og frjálsum íþróttum. Íslenska íþróttafólkið hefur náð afar góðum árangri á leikunum og unnið til fjölda verðlauna. Rúmlega 170 íslenskir þátttakendur eru á leikunum og bauð ÍSÍ forsetahjónunum að sækja leikana en forseti er verndari ÍSÍ.

4. júní 2009

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Lína Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ (+357 96574700). Myndir frá fundi forsetanna og Smáþjóðaleikunum á Kýpur, heimsóknum til íþróttafólks og öðrum viðburðum má nálgast á heimasíðu forsetaembættisins forseti.is.